

## Skólaráðsfundur 18.febrúar 2019

Mættir eru Svandís, Baddí, Sonja, Oddný, Jóhanna, Ágústa og Keli sem ritar fundargerð.

### 1. Gátlisti um heilsueflandi leikskóla.

Skólastjóri fer yfir listann, sem fjallar um þær áherslur sem á að leggja á heilsu og vinnuumhverfi starfsfólks. Helstu atriðin eru:

**a)** Farið yfir þau atriði sem Vinnueftirlit Ríkisins leggur til grundvallar um vellíðan á vinnustað.

**b)** Öryggistrúnaðarmaður hefur á hendi utanumhald á þeim ábendingum starfsfólks sem varða öryggi á vinnustað og sér um að koma þeim á framfæri við rétta aðila.

**d)** Lögð er áhersla á að starfsfólk temji sér jákvæð samskipti á vinnustað með það að markmiði að vera fyrirmynd barnanna.

**e)** Minnt er á að góð samskipti milli deilda skólans eru nauðsynleg. Gott er að hittast, borða saman, ræða málin og nota yfirhöfuð þær aðferðir sem ætla máð þétti hópinn.

**f)** Reglugerð um skólahúsnæði. Ljóst er að skólinn okkar fellur ekki enn inn í það módel þannig að úrbóta er þörf.

**g)** Rétt líkamsbeiting og hreyfing er mikilvægur þáttur í heilbrigði starfsfólks og nauðsynlegt að hafa aðgang að þekkingu og hvatningu. Rætt um leiðir, t.d. tiltekinn tími á skóladeginum ( stundartöflu ) sem nota má til hreyfingar, ens og aðgangur að tækjasal, sundlaug eða bara ganga. Ennig mætti taka hugleiðslu eða slökun inn í dæmið, en sú aðferð nýtur vaxandi vinsælda.

**h)** Tóbak og aðrir vímugjafar eiga alls ekki samleið með uppeldis og kennslustörfum. Nauðsynlegt er að þeir starfsmenn sem þurfa að vinna bug á t.d. reykingum geti fengið aðstoð til þess. Óskráð stefna skólans er að áfengi, tóbak og aðrir vímugjafa séu ekki í neyslu innan skólans.

**i)** Matur í mötuneyti á alltaf að vera í samræmi við lýðheilsu markmið og þar því að endurskoða matseðla reglulega með tillit til þess.

**j)** Streita og kulnun í starfi eru þættir sem hafa verið til umræðu um nokkurt skeið. Því er nauðsynlegt að tiltæk sé ráðgjöf og fræðsla um helstu einkenni og jafnframt ráð til úrbóta

**k)** Ítrekað er að eineltis og jafnréttisáætlun kaupstaðarinnar gildir fyrir allar stofnanir bæjarins.

**l)** Trúnaðarmenn stéttarfélaga þurfa að vera vakandi fyrir að afla upplýsinga og kynna fyrir starfsmönnum réttindi þeirra í veikindum, jafnt líkamlegra sem andlegra.

**m)** Ef starfsmaður lendir í langvinnum veikindindum þarf að gæta þess hvernig tekið er á móti honum þegar hann snýr aftur úr veikindaleyfi

**n)** Hvaða verklag og reglur þarf að hafa í huga þegar grunur vaknar um hvers kyns brot gegn börnum. Reglur þurfa að vera skýrar og nákvæmar og nauðsynlegt er að starfsfólk fái fræðslu um vellíðan barna.

**o)** Heimilt þarf að vera að afla upplýsinga um hugsanlega refsíðoma þeirra sem sækja um störf í deildum skólans.

**p) Skóladagatal 1019-2020.**

Rætt um hvort og hvernig megi laga hnökra sem komið hafa í ljós á skóladagatali þessa vetrar. Hugsanlega verður næsta skóladagatal leikskóladeildar látið spanna tvö ár, með t.d. tilliti til sumarleyfa. Einnig rætt um hvernig börnum og foreldrum gengur að komast í rútínu eftir leyfi, skemmri eða styttri. Líka hefur komið upp umræða um hvort vetrarfrí, hvort þau eigi yfirhöfuð að vera eða ekki. Stundum þykir forráðamönnum barna þetta rekast á atvinnulífið og sumum nemendum hentar alls ekki að skólastarfið sé brotið svona upp.

**r) Sólarkaffi verður haldið 20. febrúar næstkomandi og verður haldið upp á það með pönnukökuveislu fyrir nemendur og starfsmenn.**

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið.

Keli